

Samþykkt um eflingu list- og verkgreina í öllu menntakerfinu

5. þing KÍ samþykkir að KÍ beiti sér fyrir því að gerð verði verkáætlun um eflingu list- og verkgreina, eins og fram kemur í [Framtíðarsýn 2007-2020](#).

Sýnt hefur verið fram á mikilvægi list- og verkgreinakennslu fyrir skólasamfélagið. Þær þroska skapandi hugsun, virkni heilastöðva, samstarf, samskipti, félagsþroska, efla samlíðan, efla tjáningu, þroska fínhreyfingar og efla sjálfsmynd svo eitthvað sé nefnt. List- og verkgreinar er vannýttur auður og er brýnt að skoða hvernig megi auðga skólasamfélagið frekar með þeim. Á sama hátt má skoða þátt menningar í menntakerfinu.

Til grundvallar mætti m.a. skoða rannsókn [Anne Bamforde](#), úttekt á listfræðslu á Íslandi sem var gerð á vegum Mrn. 2009, Vegvísi UNESCO frá 2006 og Seul agenda 2010, sjá á vefnum www.ki.is/tki.